

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2580/94**frá 24. október 1994****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3713/92 um frestun á beitingu ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum, með tilliti til innflutnings frá tilteknum þriðju löndum(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2381/94 ⁽²⁾, einkum öðrum undirlið 3. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3713/92 ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 688/94 ⁽⁴⁾, hefur beitingu ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 verið frestað í 26 mánuði með tilliti til innflutnings afurða frá tilteknum þriðju löndum.Nokkur þriðju lönd hafa farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að verða færð í skrá yfir þriðju lönd, sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, og lagt fram tilteknar upplýsingar sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 94/92 ⁽⁵⁾ áður en fresturinn sem um getur í öðrum undirlið 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 rann út.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.

Könnun upplýsinga sem lagðar hafa verið fram og athuganir á staðnum hafa leitt í ljós að stofnunin Fundación de Alimentos Ecológicos Argentinos (FAEA) í Argentínu uppfyllir ekki öll skilyrði um eftirlitsaðila sem skulu tryggja sambærilegt eftirlitskerfi og í bandalaginu fyrir viðkomandi afurðir. Því er við hæfi að strika þessa stofnun út af skrá yfir viðurkenna eftirlitsaðila.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Eftirfarandi komi í stað fyrsta undirliðar 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3713/92 varðandi Argentínu:

„- Argentína, vegna afurða sem vottað er af Instituto Argentino para la Certificación y Promoción de Productos Agropecuarios Orgánicos SRL (Argencert) að séu framleiddar þar í landi með lífrænum aðferðum“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi frá því að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 273, 25. 10. 1994, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/95 frá 24. febrúar 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 255, 1. 10. 1994, bls. 84.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 378, 23. 12. 1992, bls. 21.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 84, 29. 3. 1994, bls. 9.⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 11, 17. 1. 1992, bls. 14.